

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps vegna verslunar og þjónustu, Miðhrauni 2.

Skipulagsstofnun staðfesti 24. mars 2021 óverulega breytingu á aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2018-2038 sem samþykkt var í sveitarstjórn 1. október 2020.

Í breytingunni felst að svæði fyrir verslun- og þjónustu (VP-13) er stækkað um u.þ.b. 2.800 m² vegna aðlögunar nýrra mannvirkja að hraunjaðri og aðliggjandi mannvirkjum. Í skipulagsákvæðum er einnig bætt við að gert sé ráð fyrir baðaðstöðu. Iðnaðarsvæði I-4 og landbúnaðarsvæði minnka að sama skapi um 1.400 m² hvor landnotkunarflokkur.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 24. mars 2021.

F.h. forstjóra,
Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfud.: 9. apríl 2021